

Fundargerð 479. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, mánudaginn 19. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 478. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 478. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 3. desember 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA

Rætt var um breytta túlkun Skattsins á virðisaukaskatt af skemmtiferðaskipum sem eru í svokölluðum hringsiglingum við Ísland. Fyrir liggur að Skatturinn gerir ráð fyrir að frá og með komandi sumri beri að leggja virðisaukaskatt á alla þjónustuliði og hafnargjöld sem tengjast skemmtiferðaskipum í hringsiglingum.

Túlkun og framkvæmd virðisaukaskatts í þessum tilvikum er óljós og töluverð óvissa ríkir um hvernig standa eigi að standa að álagningu Skattsins. Mikilvægt er að fá hið fyrsta skýrari svör um framkvæmd og útfærslur.

3. Dagatal stjórnar 2026 - 2509016HA

Lagt fram dagatal stjórnar Hafnasambands Íslands fyrir árið 2026.

4. Vorferð stjórnar 2026 - 2509033HA

Rætt um að skipulag á vorfundi stjórnar. Vegna sveitarstjórnarkosninga hefur verið ákveðið að halda fundinn í ágúst 2026.

5. Rafræn vöktun hafna - aðgangur tollýfirvalda - 2509009HA

Lagt fram að nýju minnisblað lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. nóvember 2025, um rafræna vöktun og samræmingu vegna persónuverndar, ásamt leiðbeiningum vegna óska tollayfirvalda eftir upplýsingum og hugsanlegu aðgengi að rafrænu eftirlitskerfum hafna.

6. Endurskoðun hafnalaga nr. 61-2003 - 2510007HA

Lagt fram að nýju erindi frá Hafnasambandi Íslands til innviðaráðherra, dags 11. nóvember 2025 um nauðsyn þess að endurskoða hafnalög nr. 61/2003

Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar beiðni sína til ráðherra um að endurskoða hafnalög nr. 61/2003.

7. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum - EES-reglur - FuelEU Maritime - 2601002HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands, dags. 12. janúar 2026, varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (EES-reglur - FuelEU Maritime).

8. PortMaster og þróun þess - 2601004HA

Rætt um skipulag og þróun PortMaster sem Klappir Grænar lausnir hafa þróað.

9. Landamæraeftirlit - breyting á framkvæmd - 2509021HA

Rætt um þær grundvallabreytingar sem gerðar verða á landamæra kerfinu í Evrópu 10. apríl nk. en það mun hið svokallaða Entry Exit kerfi (EES) verða tekið í fulla notkun í öllum löndum Schengen.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir verulegum áhyggjum af því að Alþjóða- og landamærasvið Ríkislögreglustjóra hafi ekki verið tryggt nægilegt fjármagn til að sinna lögbundinni landamæravörslu við móttöku skemmtiferðaskipa á komandi ferðamannatímabili. Ljóst er að án viðbótarfjármögnunar, sérstaklega til ráðningar nauðsynlegs sumarstarfsfólks, mun lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ekki hafa burði til að sinna verkefninu með fullnægjandi hætti. Slík staða er óásættanleg og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir öryggi, skilvirkni landamæraeftirlits og orðspor Íslands gagnvart alþjóðlegri skipaumferð. Stjórnin krefst þess að stjórnvöld bregðist þegar í stað við og tryggi viðeigandi fjárveitingar svo unnt sé að uppfylla lögbundnar skyldur ríkisins á þessu sviði.

Fundi var slitið kl. 12:30